

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### *26. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 18. október 2007, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Tillaga Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga, seinni umræða.
3. Erindi frá Hólmfríði Jónsdóttur og Herði Halldórssyni, ósk um breytingu á notkun geymsluhúsnæðis.
4. Fundargerð Skólanefndar frá 8. okt.
5. Bréf frá Landgræðslu ríkisins dags. 13. sept.

#### Til kynningar:

Vaxtarsamningur milli Iðnaðarráðuneytis og sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum.

Fundargerð aðalfundar Eypings 5 og 6, okt.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund.

**2. Tillaga Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga, seinni umræða.**

Tillaga Samstarfsnefndar um sameiningu Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar tekin til annarar umræðu. Sveitarstjórn lýsir sig fylgjandi sameiningunni og hvetur íbúa sveitarfélagsins til að mæta á kjörstað og nýta atkvæðisréttinn. Ekki þarf að taka tillöguna til atkvæðagreiðslu í sveitarstjórn.

**3. Erindi frá Hólmfríði Jónsdóttur og Herði Halldórssyni, ósk um breytingu á notkun geymsluhúsnæðis.**

Borist hefur bréf dags. 8. október frá Hólmfríði Jónsdóttur og Herði Halldórssyni, þar sem óskað er eftir leyfi til að breyta notkun á geymsluhúsi sem stendur norður af íbúðarhúsinu Arnarvatni 1, norðan Þjóðvegur, í frístundahús.

Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins þar til umsögn Umhverfisstofnunar um málið hefur borist.

**4. Fundargerð Skólanefndar frá 8. okt.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að skólastjóri hafi farið yfir skólastarf komandi vetrar og sagt frá vinnu við skólanámsskrá og sjálfsmatsaðferðir skólans sem teknar verða út af Menntamálaráðuneytinu 2008. Ný heimasíða skólans er í vinnslu og verður opnuð á næstunni. Þá segir að unnið hafi verið áhættumat fyrir skólann og sent Vinnueftirliti ríkisins ásamt því að brunavarnir skólans séu alltaf í endurskoðun og von sé á slökkviliðsstjóra sem ætli að vera með fræðslu og rýmingaræfingu. Þá kemur einnig fram að Kvenfélag Mývatnssveitar æti að gefa skólanum stafræna myndavél.

Fundagerðin þarfnast ekki ályktunar við.

**5. Bréf frá Landgræðslu ríkisins dags. 13. sept.**

Borist hefur bréf frá Landgræðslu ríkisins vegna samnings um Reykjahlíðargirðingu. Í óformlegum viðræðum fulltrúa Landgræðslunnar við sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur komið fram að sveitarstjórn telur mikilvægt að Reykjahlíðargirðingu sé viðhaldið til að koma í veg fyrir ágang sauðfjár inn í þéttbýlið. Hins vegar hefur áður komið fram að Landgræðslan getur ekki kostað alfarið viðhald á girðingunni á þeim forsendum. Þó séu nokkur svæði innan girðingarinnar sem þarfnist friðunar og á þeim forsendum sé stofnunin tilbúin að taka að sér hluta af kostnaði við viðhald girðingarinnar. Sveitarstjórn frestar að taka afstöðu til málsins þar til fyrir liggi kostnaður við viðhald girðingarinnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétusson.